



Reglur um heimgreiðslur til foreldra í Akureyrarbæ

1. gr.

Markmið reglna þessara er að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til barn er innritað hjá dagforeldri eða býðst leikskólapláss með heimgreiðslum til foreldra/forráðamanna barns. Auk þess að koma til móts við foreldra/forráðamenn eldri barna sem eru að bíða eftir leikskólaplássi.

2. gr.

Foreldrum/forráðamönnum barna með lögheimili í Akureyrarbæ er heimilt að sækja um heimgreiðslur, enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barns og eru að bíða eftir leikskólaplássi. Foreldrar/forráðamenn hafa rétt á að sækja um heimgreiðslur frá 12 mánaða aldri barns.

3. gr.

Sótt er um heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna inni á Þjónustugátt Akureyrarbæjar

Gildistími heimgreiðslna miðast við næstu mánaðamót eftir að barn nær 12 mánaða aldri. Dæmi: Foreldri/forráðamaður barns sem er fætt 6. september 2022 getur sótt um greiðslur fyrir októbermánuð 2023 ef barnið er ekki hjá dagforeldri eða í leikskóla.

Reikningur greiðist eftir á fyrir nýliðinn mánuð.

Upphæð heimgreiðslu er 105.000 kr. á mánuði og tekur breytingum í upphafi árs samhliða ákvörðun um gjaldskrárbreytingar.

Greiðslur falla niður þegar barni býðst leikskólapláss, byrjar í leikskóla eða byrjar hjá dagforeldri.

Heimgreiðslur frá Akureyrarbæ eru greiddar sem styrkur og eru framtalsskyldar til skatts.

Heimgreiðslur eru greiddar í allt að 11 mánuði á ári. Heimgreiðslur eru ekki greiddar vegna ágúst mánaðar.

4. gr.

Gildistími reglnanna er til 31. júlí 2024. Komi til þess að reglurnar verði framlengdar skal það liggja fyrir sex mánuðum áður en þær renna út.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarráði 2. febrúar 2023